

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálabrekku, Skálabrekka 9-11.*
Í breytingunni felst að lóðir nr. 9 og 11 eru sameinaðar og verður eftir það 17.700 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 13. janúar 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Fells, Holtahverfi.*
Í breytingunni felst að þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 14-45 gráða.
Samþykkt í sveitarstjórn 10. nóvember 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. apríl 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2010